

Reykjavík, 7. maí 2018

Alþingi
Nefndasvið – Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
10 Reykjavík

Efni: Tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018 til 2024

Samorka tekur í heild sinni undir þau markmið sem fram koma í þingsályktunartillögunni en setur fram eftirfarandi hugleiðingar um einstaka liði hennar.

Samorka fagnar þeim áherslum sem koma fram í þingsályktunartillögunni um mikilvægi þess að byggja upp raforkuflutnings- og dreifikerfið. Áhersla á flutningsgetu og afhendingaröryggið er mikilvægt fyrir allt samfélagið eins og fram kemur í tillögunni. Vandinn er sá að þessum málum hefur þokað hægt áfram um margra ára skeið, þrátt fyrir vilja og fjárhagslega getu Landsnets til úrbóta. Huga þarf að laga- og reglugerðarumhverfinu í þessu sambandi sé ætlunin að auka samkeppnishæfi einstakra byggða í landinu og tækifæri þeirra til atvinnuuppbyggingar. Til að bæta úr brýnustu þörf hefur Landsnet lagt áherslu á að lokið sé við Kröflulínu 3, Hólasandslínu 3, Blöndulínu 3 og Suðurnesjalínu 2. Mikilvægt er að stjórnvöld setji fram tímasett markmið um hvenær þessum úrbótum skuli lokið.

Samorka hefur áður bent á að eðlilegt sé að jöfnun kostnaðar við raforkudreifingu og húshitun með raforku sé í gegnum sameiginlega sjóði landsmanna en ekki með álögum á viðskiptavinum dreifiveitnanna.

Vegna uppbyggingar innviða fyrir nýtingu endurnýjanlegra orku í næstu orkuskiptum vill Samorka leggja áherslu á að eðlilegt sé að telja samtökin upp meðal samstarfsaðila í því verkefni. Samorka er með mjög öflugt starf í þessum efnum og stofnaði meðal annar sérstakan starfshóp um orkuskiptin og annan um orkustefnu. Aðildarfyrirtæki okkar munu sannarlega gegna mikilvægu hlutverki í þeim orkuskiptum sem nú eru hafin og taka hlutverk sitt í þeim efnum mjög alvarlega.

Aðildarfyrirtæki Samorku hafa unnið markvisst að uppbyggingu þrífasa dreifikerfis um langt skeið og hefur þrífasa dreifikerfi verið lagt í jörðu við endurnýjun eldra loflínukerfis. Verkefnið er tímafrekt og kostnaðarsamt, en ætla má að heildarkostnaður nemi vel yfir 16 milljörðum króna. Ef flýta á þessu verkefni eru sérstök framlög mikilvæg eins og þingsályktunin gerir ráð fyrir. Samorka bendir þó á mikilvægi þess að kanna hvort aðrar leiðir og ódýrari séu einnig færar til þess að uppfylla þarfir þess hóps sem hefur þörf fyrir þriggja fasa rafmagn þannig að flýta megi fyrir lausn á þeirra málum.

Skýrslur um tækifæri til raforkuframléiðslu með smávirkjunum eru ekki nýjar af nálinni en mikilvægt að halda slíkri vinnu áfram og þá eftir atvikum með frumrannsóknunum á frekari virkjunarkostum. Ánægjulegt er ef Orkustofnun er skapað frekar rými og fjármunir í þessum efnum.

Nýting varmadæla á köldum svæðum er jákvæð og mikil tækifæri eru til staðar í þeim efnum. Samorka hefur þó einnig lagt áherslu á að áfram verði stutt við jarðhitaleit og þar með mögulega uppbyggingu á hitaveitum á köldum svæðum þar sem það er mögulegt og hagkvæmt. Einnig ber að benda sérstaklega á tækifæri til uppbyggingar á varmadælustöðvum líkt og nú er unnið að í Vestmannaeyjum þar sem sjávarvarmi er nýttur fyrir fjarvarmaveitu HS Veitna.

Hvað aðra innviða uppbyggingu snertir þá vill Samorka líka vekja athygli á mikilvægi samstarfs ríkis og sveitarfélaga við frekari uppbyggingu fráveitna í landinu. Hefur þar m.a. verið rifjað upp áttak sem gert var í þeim efnum í lok síðustu aldar og upphaf þessarar, en á því tímabili varð mesta uppbygging í nýjum fráveitukerfum sem orðið hefur. Þar komi ríkið inn með framlag sem var ígildi virðisaukaskatts af búnaði og framkvæmdum. Mikilvægt er að aftur verði farið í slíkt áttak til að gera enn betur í fráveitumálum víða um land.

Að öðru leyti vísar SAMORKA til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja.

Virðingarfyllst,



Páll Erland,
framkvæmdastjóri